


Leghálsspeglun



Leghálsspeglun er rannsókn þar sem leghálsinn er skoðaður með smásjá. Leghálsspeglun er gerð ef frumubreytingar finnast við krabbameinsskoðun á leghálsi eða kvenskoðun vekur grun um möguleg vandamál. Frumubreytingar sem finnast við reglubundna krabbameinsskoðun geta þróast í krabbamein á mörgum árum. Með leghálsspeglun er metið hvort um alvarlegar frumubreytingar er að ræða sem nauðsynlegt er að fjarlægja.

Undirbúningur fyrir speglun

Leghálsspeglun er gerð á milli tíðablæðinga. Mælt er með að borða og að taka verkjalyfin íbúprófen 400 mg og parasetamól 1 g tveimur til þremur klukkustundum fyrir rannsóknina.

Móttaka og skráning komu er á kvenlækningadeild 21AM sem er á 1. hæð kvennadeildarhúss Landspítala við Hringbraut. Starfsmaður vitjar þeirra sem mæta til rannsóknar á biðstofu.

Speglun

Leghálsspeglun er framkvæmd á svipaðan hátt og kvenskoðun. Sett er áhald í leggöng sem heldur þeim opnum og gerð ítarleg skoðun á leghálsi með smásjá. Tekin eru lítil vefjasýni (1-2mm) frá leghálsi og þau send í vefjagreiningu. Í einstaka tilfellum þarf að taka skafsýni frá leghálsi. Heildarferlið tekur um 15 til 20 mínútur.

Eftir leghálsspeglun

Hægt er að fara heim strax að lokinni rannsókn. Ekki er nauðsynlegt að hvíla sig sérstaklega. Flestar konur geta mætt í vinnu eða skóla samdægurs.

Til að sár á leghálsi grói sem fyrst og til að forðast sýkingu **má ekki** næstu 10 daga:

- Fara í sund, bað eða heitan pott
- Nota tíðatappa eða álfabíkar
- Hafa samfarir

Verkir og verkjalyf

Sumar konur finna fyrir vægum verkjum eftir rannsóknina. Ef þörf er á er mælt með parasetamól og íbúprófen til verkjastillingar fyrir þá sem það þola. Hámarksskammtar af parasetamóli eru 1 g fjórum sinnum á sólarhring og íbúprófeni 400 mg fjórum sinnum á sólarhring.

Blæðing

Búast má við lítilli blæðingu frá leggöngum eða brúnleitri útfærð í 3-5 daga eftir rannsókn. Rannsóknin breytir ekki tíðahringnum þannig að tíðablæðing ætti að hefjast á réttum tíma.

Almennar ráðleggingar

Eftirlit fer eftir niðurstöðu vefjagreiningar úr leghálssýnum. Upplýsingar um niðurstöðu vefjasýna koma innan þriggja vikna með skilaboðum á Heilsuveru eða með símtali frá lækni. Mikilvægt er að sinna ráðlögðu eftirliti og meðferð.

Reykningar auka líkurnar á því að losna ekki við frumubreytingar. Hægt er að minnka líkurnar á viðvarandi frumubreytingum með því að hætta að reykja.

Hafa þarf samband við móttöku kvenlækningadeildar ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir rannsókn:

- Líkamshiti er hærra en 38°C.
- Blæðing er það mikil að stórt bindi (næturbindi eða sambærileg) fyllist á innan við 30 mínútum í meira en tvær klukkustundir.
- Illa lyktandi útferð í meira en sjö daga.
- Miklir verkir í kvið sem ráðlögð verkjalyf slá ekki á.

Ef erindið getur ekki beðið til næsta dags má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við símavakt bráðapjónustu kvennadeildar. Ef um brátt ástand er að ræða á að hafa samband við 112.

Símanúmer

- | | |
|---|----------|
| • Móttaka kvenlækningadeildar 21A, opin virka daga frá kl. 8-16 | 543 3224 |
| • Skiptiborð Landspítala (símavakt bráðapjónustu kvennadeilda) | 543 1000 |

Hafa má samband við kvenlækningadeild fyrstu tvær vikur eftir aðgerð en eftir þann tíma er ráðlagt að hafa samband við heilsugæslu.

